

Reykjavík 15.03.2007

Ályktun Umferðarráðs um fækkun slysa á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur

Umferðarráð fagnar þeim fyrirætlunum, sem fram koma í tillögu samgönguráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun, að haldið verði áfram kerfisbundnum aðskilnaði akstursstefna á fjölförnustu þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur. Þrátt fyrir að breikkun Reykjanesbrautar sé ekki lokið, hefur sú framkvæmd þegar fækkað alvarlegum slysum á brautinni og sannað gildi sitt í þágu umferðaröryggis. Í tillögunni er kveðið á um að akstursstefnur verði einnig aðskildar á umferðarþungum köflum Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur út frá Reykjavík.

Umferðarráð telur að aðskilnaður akstursstefna á Suðurlandsvegi milli Reykjavíkur og Selfoss og á Vesturlandsvegi milli Reykjavíkur og Borgarness séu einhverjar brýnustu aðgerðir í umferðaröryggismálum hérlendis um þessar mundir og hvetur Alþingi til að flýta þeim eins og kostur er. Rannsóknir sýna að óverulegur munur sé á umferðaröryggi svonefndra 2+1 og 2+2 lausna en kostnaðarmunur er hins vegar mikill 2+1 lausninni í hag. Það er því skoðun Umferðarráðs að heppilegast sé að hefja sem fyrst framkvæmdir við breikkun umræddra vegarkafla með 2+1 framkvæmd með þeim valkosti að unnt verði síðar að breikka þá enn frekar í 2+2 vegi. Með því móti nýtist fjármagnið best í því skyni að hámarka umferðaröryggi umræddra vegarkafla á sem skemmstum tíma auk þess sem unnt verði að fara í nauðsynlegar umferðaröryggisaðgerðir annars staðar í vegarkerfinu.